



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Ritgerð um tilvist Guðs

Rannsókn á rökum Davids Hume og Immanuel Kant gegn þremur hefðbundnum guðssönnunum

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Ágúst Geir Torfason

Júní 2013

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Heimspeki

Ritgerð um tilvist Guðs

Rannsókn á rökum Davids Hume og Immanuel Kant gegn þremur hefðbundnum guðssönnunum

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Ágúst Geir Torfason

Kt.: 261179-5399

Leiðbeinandi: dr. Erlendur Jónsson

Maí 2013

Ágrip

Þessi ritgerð er rannsókn á heimspekilegum rökum fyrir tilvist Guðs. Þessi rök eru skipulagsrökin (e. *teleological argument*), heimsfræðilegu rökin (e. *cosmological argument*) og verufræðilegu rökin (e. *ontological argument*). Þessi rök eru hefðbundnar guðssannanir sem eiga að sýna fram á tilvist Guðs. Þeir David Hume (1711-1776) og Immanuel Kant (1724-1804) gagnrýndu þessar sannanir og töldu báðir að þær sönnuðu ekki tilvist Guðs og væru þar af leiðandi ekki gild rök. Meginmarkmið mitt með þessari ritgerð er að rannsaka það hvort þeir Hume og Kant setja fram góð rök gegn þessum þremur hefðbundnu guðssönnunum. En með því að hafna þessum sönnunum eru þeir að segja að ekki sé hægt að sanna tilvist Guðs með þeim. Ritgerðin skiptist í fimm meginhluta. Fyrsti hlutinn er ákveðinn inngangshluti að ritgerðinni þar sem fjallað er um þá David Hume, Immanuel Kant og René Descartes (1596-1650) sem gegna mikilvægu hlutverki í ritgerðinni. Annar hluti fjallar um þau rök sem koma fram í *Samræður um trúarbrögðin*¹ eftir Hume og markmiðið að greina þau rök. Þriðji hluti ritgerðarinnar byggist að mestu á umræðu þeirra Humes og Kants um hinar þrennu hefðbundnu guðssannanir. Einnig verður komið inn á afbrigði Descartes á verufræðilegu rökunum. En í fjórða hlutanum kemur fram gagnrýni mín á umræðu Kants og Humes um hinar þrjár hefðbundnu guðssannanir. Í fimmta hlutanum eru settar fram helstu niðurstöður. Eftir mikla vinnu að þessari rannsókn á rökunum fyrir tilvist Guðs kemst ég að þeirri niðurstöðu að rökin eru ansi sterk rök sem standast alla gagnrýni. Niðurstaða mín í þessari ritgerð er því sú að Hume og Kant setji ekki fram nægilega góð rök til þess að hrekja þessar þrjár hefðbundnu guðssannanir. Rökin fyrir tilvist Guðs eru sterkari en rök þeirra Humes og Kants.

¹ Hume 1779

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|-----------|
| ÁGRIP | 1 |
| FORMÁLI | 3 |
| I. HLUTI. INNGANGUR..... | 3 |
| II. HLUTI. RÖK HUMES Í SAMRÆÐUM UM TRÚARBRÖGÐIN..... | 8 |
| FYRSTA SAMRÆÐA..... | 8 |
| ÖNNUR SAMRÆÐA | 9 |
| ÞRIÐJA SAMRÆÐA | 9 |
| FJÓRÐA SAMRÆÐA | 10 |
| SJÖUNDA SAMRÆÐA..... | 10 |
| ÁTTUNDA SAMRÆÐA | 11 |
| NÍUNDA SAMRÆÐA | 11 |
| TÓLFTA SAMRÆÐA | 12 |
| III. HLUTI. UMRÆÐA KANTS, HUMES OG DESCARTES UM HINAR ÞRENNU HEFÐBUNDNU GUÐSSANNANIR | 12 |
| SKIPULAGSRÖKIN (KANT)..... | 13 |
| SKIPULAGSRÖKIN (HUME) | 13 |
| HEIMSFRAÐILEGU RÖKIN (KANT) | 14 |
| HEIMSFRAÐILEGU RÖKIN (HUME) | 15 |
| VERUFRÆÐILEGU RÖKIN (KANT)..... | 17 |
| VERUFRÆÐILEGU RÖKIN (HUME) | 18 |
| VERUFRÆÐILEGU RÖKIN (DESCARTES) | 19 |
| IV. HLUTI. GAGNRÝNI Á UMRÆÐU KANTS OG HUMES UM HINAR ÞRJÁR HEFÐBUNDNU GUÐSSANNANIR..... | 21 |
| SKIPULAGSRÖKIN (KANT-HUME)..... | 21 |
| HEIMSFRAÐILEGU RÖKIN (KANT-HUME) | 24 |
| VERUFRÆÐILEGU RÖKIN (KANT-HUME)..... | 26 |
| V. HLUTI. NIÐURLAG OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR..... | 29 |
| HEIMILDASKRÁ | 31 |
| NETHEIMILDIR: | 32 |

Formáli

Í þessari ritgerð mun höfundur taka til skoðunar heimspekilegt vandamál sem lýtur að tilvist Guðs. Vandamálið er hvort hægt sé að sýna fram á eða sanna tilvist Guðs með einhverjum hætti. Ritgerðin fjallar að mestu um þrjár hefðbundnar guðs-sannanir sem settar hafa verið fram til þess að sanna tilvist Guðs. Þessar sannanir eru skipulagsrökin (e. *teleological argument*), heimsfræðilegu rökin (e. *cosmological argument*) og verufræðilegu rökin (e. *ontological argument*). Meginmarkmið mitt í þessari ritgerð er að rannsaka það hvort David Hume og Immanuel Kant setji fram góð rök gegn þessum þremur hefðbundnu guðssönnunum. Þeir Hume og Kant settu fram gagnrýni á þessi meginrök og töldu báðir að þau væru ekki gild og sönnuðu ekki tilvist Guðs með neinum hætti. Ritgerðinni er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta verður fjallað stuttlega um David Hume, Immanuel Kant og René Descartes. Í öðrum hluta verður bók Humes *Samræður um trúarbrögðin* tekin til skoðunar. Í þriðja hluta ritgerðarinnar verða þessi þrenn meginrök skilgreind og gagnrýni Humes og Kants á þau rannsökuð. Einnig verður fjallað um afbrigði Descartes á verufræðilegu rökunum. Í fjórða hluta verður sett fram gagnrýni á rök þeirra Kants og Humes sem þeir settu fram gegn skipulagsrökunum, heimsfræðilegu rökunum og verufræðilegu rökunum. Í fimmta hluta er niðurlag þar sem helstu niðurstöður dregnar saman.

I. hluti. Inngangur

Í þessum fyrsta hluta ritgerðarinnar verður fjallað stuttlega um David Hume sjálfan og þá trúarlegu efahyggju sem kemur fram hjá honum. Immanuel Kant og René Descartes verða einnig kynntir. Hinar þrjár umræddu guðsannanir verða kynntar til sögunnar en þær verða meginviðfangsefni ritgerðarinnar. Bókin *Samræður um trúarbrögðin* eftir Hume verður einnig kynnt og tekin til skoðunar sem og heimspeki hans almennt.

David Hume var skoskur heimspekingur kenndur við raunhyggju, efahyggju og veraldarhyggju. Hume var talinn einn helsti heimspekingur breskrar raunhyggju og trúarlegrar efahyggju. Helstu bækur Hume voru: *Ritgerð um mannlegt eðli* (1739-1740)², *Rannsókn á skilningsgáfunni* (1748)³ og *Samræður um trúarbrögðin* (1779).

² Hume 1739-1740

³ Hume 1748

Þær undirgreinar heimspekinnar sem Hume fékkst aðallega við voru á sviði þekkingarfræði, siðfræði, frumspeki og trúarheimspeki.⁴

Immanúel Kant var þýskur og einn helsti heimspekingur Upplýsinga- tímabilsins. Hann vildi að menn yrðu frjálisir með því að beita skynseminni og verða upplýstir. Heimspeki Kants kemur inn á margar undirgreinar heimspekinnar til að mynda: þekkingarfræði, siðfræði, frumspeki og trúarheimspeki.⁵

René Descartes var einn þekktasti heimspekingur Frakka og er stórt nafn í allri sögu vestrænnar heimspeki. Descartes var efahyggjumaður og rökhyggjumaður og hafði mikla trú á skynseminni. Hann vildi reisa heimspekina á nýjum og traustari undirstöðum.⁶

Hume viðurkennir eingöngu tvenns konar þekkingu. Annars vegar þá þekkingu sem byggð er á reynslu og hins vegar þá þekkingu sem ræðst af viðteknum reglum um hugtakavensl. Hume viðurkennir enga aðra þekkingu nema þá þekkingu sem fellur í annan hvorn þessara flokka. Þekking sem er ekki reynsluþekking er útilokuð og þess vegna getur maður ekki vitað neitt með vissu um Guð vegna þess að maður hefur ekki beina skynreynslu af Guði.

Hume var mikilvægur heimspekingur ekki síst vegna efahyggjulegrar nálgunar sinnar á heimspekileg viðfangsefni og hluti af frægð og mikilvægi Humes er til kominn vegna þess. Hume fjallaði töluvert um trúarheimspeki en hann hélt því fram að það væri óskynsamlegt að trúa vitnisburði um kraftaverk og taldi að maður ætti að hafna öllum trúarbrögðum sem eru grundvölluð á vitnisburði um kraftaverk (*On Miracles*).⁷ Á tímum Humes og á miðöldum höfðu heimspekingar og guðfræðingar sett fram ýmsar tilraunir til þess að sanna tilvist Guðs. Frægustu guðssannanirnar voru skipulagsrökin, heimsfræðilegu rökin og verufræðilegu rökin. En Hume réðst gegn þessum viðteknu rökum og setti fram sannfærandi mótrök sem komið verður að seinna í ritgerðinni.

Hume var fyrst og fremst raunhyggjumaður og efahyggjumaður. Þrátt fyrir að hann hafi ekki trúað á Guð var hann ekki trúleysingi. Hume taldi það óskynsamlegt að trúa vitnisburði kraftaverka og taldi að allir menn ættu að hafna þeim trúarbrögðum sem grundvallast á þeim vitnisburði. Hume hafði skoðanir á mörgu. Hans heim-

⁴ Skirbekk og Gilje 1999, bls. 353.

⁵ Sjá sama rit 1999, bls. 425.

⁶ Sjá sama rit 1999, bls. 277.

⁷ Hume 1748

spekilegu skoðanir og trúarskoðanir voru að mörgu leyti efahyggjulegar. Gagnrýnendur trúarbragða á 18. öldinni urðu að hugsa sig tvisvar um þegar þeir tjáðu sig um trúarbrögð til þess að forðast það að vera fangelsaðir eða eitthvað þaðan af verra. Þetta gerði það að verkum að heimspekingar settu fram skoðanir sínar með því að skapa persónur sem töluðu sín á milli í samræðu.

Samræður um trúarbrögðin er einmitt verk sem er byggt upp á þennan hátt. Hume tjáir skoðanir sínar með því að láta persónur ræða saman. Þessi frásagnarmáti á rætur sínar að rekja til Platons sem skrifaði heimspekilegar samræður á þennan hátt. Þegar maður les um Hume og heimspeki hans sér maður hvað hann var sterkur persónuleiki og afar gagnrýninn á tímum sem ekki var talið skynsamlegt að vera gagnrýninn. Hume efaðist meðal annars um helstu trúarkenningar kirkjunnar. Hann er talinn hafa sett fram sterka gagnrýni gegn hvers kyns trúar- og guðfræðikenningum. Kenningar kirkjunnar voru ekki það eina sem Hume veittist að heldur veittist hann að öllum tilraunum manna sem studdu trúarbrögð einhverjum rökum.⁸

Hume lifði á Upplýsingaöldinni en boðskapur hennar var að menn ættu að nota eigið hyggjuvit og skynsemi í stað þess að reiða sig á æðri máttarvöld. Þetta var það sem Hume gerði. Hann var gagnrýninn á ríkjandi kenningar og tók þeim ekki sem gefnum. Hann hafði skynsemina að vopni og var raunsær, hann treysti á sjálfan sig en ekki almáttugan Guð.

Færð hafa verið rök fyrir guðstrú manna sem hægt er að skipta í tvennt; heimspekileg rök og söguleg rök. Guðfræðin, kristin guðfræði og islömsk guðfræði eru í samræmi við þessa tvískiptingu. Samkvæmt þessu skiptist guðfræðin í náttúrulega guðfræði sem fæst við hin heimspekilegu rök trúarbragðanna og opinberunarguðfræði sem fæst við hin sögulegu rök þeirra.⁹ Hume reyndist mönnum erfiður viðureignar og réðst bæði gegn náttúrulegu guðfræðinni og opinberunarguðfræðinni í skrifum sínum.

Hér á undan hafa verið nefnd heimspekileg rök og söguleg rök en einnig er um að ræða siðferðileg rök fyrir ágæti trúarinnar sem oft eru talin vera heimspekileg rök. „Rökum af þessu tagi er yfirleitt ekki ætlað að sanna neinar trúarkenningar heldur eingöngu að sýna fram á að trúin hafi góð áhrif á fólk. Heimspekilegu rökin

⁸ Atli Harðarson 1998, bls. 173.

⁹ Sjá sama rit 1998, bls. 173.

eru einkum ýmiss konar tilraunir til þess að sanna eða rökstyðja að Guð sé til og hafi þessa og hina eiginleika“.¹⁰ Það gera siðferðilegu rökin ekki.

Siðferðilegu rökin fyrir ágæti trúarinnar eru þau rök sem eru mikilvæg vegna þess að með þeim getur trúaður einstaklingur gefið trú sinni gildi. Það ætti að hafa góð áhrif á alla heilbrigða menn að átta sig á hver siðferðilegu rökin eru vegna þess að það hefur góð áhrif á breytni manna, að mínu mati.

Þegar kemur að rökum fyrir tilvist Guðs eru þrenn meginrök ávallt nefnd. Það eru skipulagsrökin, heimsfræðilegu rökin og verufræðilegu rökin. Þessi rök eða sannanir koma upp á miðöldum en eiga rætur að rekja til Platons og Aristotelesar í fornöld. Á miðöldum voru rökin viðtekin af flestum og tekin sem gild. Hume ræðir þessi rök í ritum sínum og gagnrýnir.

Skipulagsrökin: Skipulagsrökin eru rök sem eiga að sýna fram á tilvist Guðs og eru leidd af þeirri forsendu að regla og skipulag sé á heiminum. Þar sem regla er og skipulag á heiminum hlýtur að vera einhver sem kemur þessari reglu og skipulagi á. Samkvæmt rökunum hlýtur það að vera verk einherrar vitsmunaveru eða Guðs. Þrátt fyrir að rökin hafi verið talin fullgild af flestum á dögum Humes var hann langt frá því að vera þeim sammála og taldi rökin ekki sanna neitt.¹¹

Heimsfræðilegu rökin: Heimsfræðilegu rökin byggja á þeirri forsendu að ekkert geti orðið til að ástæðulausu og það á við um heiminn. Þar af leiðandi hefur heimurinn orðið til af ástæðu og þessi ástæða fyrir tilveru heimsins er Guð. Rökin gefa til kynna að eina marktæka skýringin á tilurð heimsins sé frumorsök. Þessi ákveðna frumorsök hefur ástæðu tilveru sinnar fólgn í sjálfri sér og getur ekki verið neitt annað en Guð.¹²

Ef marka má heimfræðilegu rökin getur ekkert orðið til að ástæðulausu og þess vegna er heimurinn og maðurinn skapaður af ástæðu og þessa ástæðu er að finna hjá Guði. Rökin eru í anda kristinnar guðfræði og eiga sér skírskotun í Biblíuna þar sem segir að heimurinn og maðurinn sé skapaður í guðsmynd og að heimurinn eigi sér upphaf og frumorsök.

Verufræðilegu rökin: Verufræðilega sönnunin er til í ýmsum útgáfum en var fyrst sett fram af heilögum Anselm (1033-1119). „Aðalhogmyndin að baki hennar er sú að hugtakið Guð feli nauðsynlega í sér hugmynd um alfullkomleika og hluti

¹⁰ Atli Harðarson 1998, bls. 173.

¹¹ Sjá sama rit 1998, bls. 174.

¹² Sjá sama rit 1998, bls. 175.

alfullkomleikans sé fölginn í tilvist þannig að það sé álíka fáránlegt að hugsa sér alfullkomleika án tilvistar eins og að hugsa sér þríhyrning án horna“.¹³ Þar sem Guð er alfullkominn samkvæmt skilgreiningu og alfullkomleiki felur í sér tilvist hlýtur Guð að vera til.

Verufræðilegu rökin hafa það markmið að sýna fram á tilveru Guðs en hægt er að skilja rökin þannig að hugtakið um Guð feli nauðsynlega í sér hugmynd um alfullkomleika og þessi alfullkomleiki sé fölginn í tilvist. Þar sem það er fullkomnara að vera til en að vera ekki til hlýtur algerlega fullkominn Guð að vera til. Guð eða alfullkomleikinn eiga samkvæmt verufræðilegu rökunum nauðsynlega tilvist.

Hume sagðist aldrei geta sannað að Guð væri ekki til enda kom hvergi fram í ritum hans að það væri hægt. Það að öðlast vitneskju um hinstu rök tilverunnar taldi hann ekki á mannlegu valdi. Hume lést aldrei vita neitt með vissu um tilvist og tilvistarleysi æðri máttarvalda enda studdi hann eindregið trúarlega efahyggju. Hume taldi það enganvegin standast skoðun þegar heimspekingar og guðfræðingar reyndu að færa rök fyrir tilveru Guðs og ýmsum öðrum trúarkenningum.¹⁴

Þessi umfjöllun hér að framan lýsir trúarlegri efahyggju ágætlega. Það er sú kenning sem segir að við getum ekkert vitað um hvort Guð sé til eða ekki til. Þetta er sú afstaða sem Hume hafði þar sem hann taldi það ekki á mannlegu valdi að vita neitt um hinstu rök tilverunnar. Tilvist og tilvistarleysi Guðs er eitthvað sem við getum ekkert sagt til um vegna þess að við höfum enga reynslu af Guði. Hver eru takmörk mannlegrar þekkingar? Hvað getum við mögulega vitað? Hume efaðist um þá heimspekinga og guðfræðinga sem reyndu að færa rök fyrir tilveru Guðs vegna þess að hann taldi þá ekki geta sannað neitt.

Það að fordæma alla trú er eitthvað sem Hume gekk aldrei svo langt að gera. Það sem hann fordæmdi var langsótt guðfræði sem þóttist vera vísindaleg og skynsamleg og það sem hann kallaði falska trú (false religion). Í ritgerðinni „Um hjátrú og ofsatrú“¹⁵ gerði Hume grein fyrir tveimur meginafbrigðum falskrar trúar sem eru hjátrú (superstition) og ofsatrú (enthusiasm). Hume taldi að trúariðkanir kristinna manna einkenndust af öðru hvoru þessa.¹⁶

¹³ Atli Harðarson 1998, bls. 175.

¹⁴ Sjá sama rit 1998, bls. 185.

¹⁵ Hume 1742

¹⁶ Atli Harðarson 1998, bls. 185.

Þessi umræða sýnir fram á að trúarleg efahyggja er ekki það sama og trúleysi. Hume var trúarlegur efahyggjumaður en átti sína trú. Hann gerði skýran greinarmun á sannri trú og falskri trú. En hann skilgreindi falska trú sem hjátrú annars vegar og ofsatrú hins vegar. Þekkingarfræði Humes gerir ráð fyrir takmörkum mannlegrar þekkingar. Mannleg þekking er takmörkuð af því sem við höfum reynslu af. Þekking er eingöngu fengin með reynslu og þar sem að við höfum enga beina reynslu af Guði höfum við enga þekkingu á honum. Það er ekki á mannlegu valdi að vita neitt um eiginleika Guðs ef skilja má Hume rétt.

II. hluti. Rök Humes í Samræðum um trúarbrögðin

Ritið *Samræður um trúarbrögðin* hefur að geyma samansafn af heimspekilegum rök-ræðum persóna sem Hume talar fyrir og nefnir Kleanþes, Fílón og Demeu. Þessar persónur rökræða meðal annars í bókinni um heimspeki, trúarbrögðin og hefð-bundnar guðssannanir. Bók Humes skiptist í tólf meginsamræður en í þessum hluta ritgerðarinnar verða fyrsta, önnur, þriðja, fjórða, sjöunda, áttunda, níunda og tólfta samræða teknar til skoðunar og greiningar.

Fyrsta samræða

Í fyrstu samræðunni rökræða þeir Kleanþes og Fílón um þekkinguna. Þeir komast að þeirri niðurstöðu að öll þekking sé reist á reynslu og röksemdum sem byggjast á staðreyndum. Það skín í gegn að þetta eru skoðanir Humes um raunhyggju. Hume gerir greinarmun á tvenns konar þekkingu. Annars vegar þeirri sem varðar samband hugmynda og hins vegar þekkingu á raunverulegum fyrirbærum. Þekkingu á þessum raunverulegu fyrirbærum segir Hume alfarið byggjast á reynslu. Þeir viðburðir sem gerast á reglubundinn hátt halda áfram að gerast á svipaðan máta. Þessi mannlega reynsla takmarkast algjörlega við okkar heim. Skipulagsrökin eru rædd í samræðunni þar sem Kleanþes og Fílón telja að heimurinn sé skapaður af vitsmunaveru. Heimurinn er þannig skipulagður að það hljóti að vera einhver hönnuður sem hafi hannað þennan heim. Þeir Kleanþes og Fílón ræða einnig um þekkingarfræðina, heimspekilega efahyggju, trúarbrögðin og guddóminn.¹⁷

¹⁷ Hume 2002, bls. 22, 47-63.

Önnur samræða

Í annarri samræðu rökræðir Hume um samband orsakar og afleiðingar og reynslu manna af þessu sambandi. Hume hefur þá skoðun á orsakasamböndum að ekki sé hægt að álykta um orsök hlutar nema að reynsla hafi fengist af orsökinni og afleiðingunni. Hume segir í þessari samræðu að öll þekking okkar á orsökum og afleiðingum byggist á því að samskonar fyrirbæri fari alltaf saman. Þessa kenningu um orsakasambönd er hægt að yfirfæra á guðdóminn og heiminn þar sem Guð er orsök og heimurinn afleiðingin. Hume segir aftur á móti að Guð sjálfur sé þess eðlis að ekkert geti verið sömu tegundar og hann vegna þess að hann er einstæður. Einnig hafi maðurinn aðeins reynslu af einum heimi og geti því ekki réttlæt看lega dregið þá ályktun að Guð sé orsök eða höfundur hans. Hume notar kenningu sína um orsakasambönd til þess að hrekja heimsfræðiegu rökin um tilvist Guðs. Hann segir að ekkert sé til án orsakar og frumorsök þessa heims nefnum við Guð. Hume segir að hugmyndir okkar nái ekki lengra en reynsla okkar og þess vegna hafi maðurinn enga reynslu af guðlegum eigindum og athöfnum. En helsti gallinn við þessa kenningu Humes um að allt eigi sér orsök er að orsakirnar ná þá endalaust aftur. Kannski er um að ræða hina fyrstu orsök. En hver skapaði þá orsök?¹⁸

Þriðja samræða

Í þriðju samræðu takast þeir Kleanþes og Filon á um heimspekileg málefni. Kleanþes endurtekur í upphafi samræðunnar þá staðhæfingu að mannanna verk og heimurinn séu sambærileg fyrirbæri. Í samræðunni talar Hume fyrir rödd Guðs sem talaði úr skýjum himins á tungum allra manna og flytur hinn göfugasta boðskap. Hume er hér að rökræða upphaf og tilurð heimsins, hvernig heimurinn hafi mögulega orðið til. Heimspekingar hafa notað skipulagsrökin til þess að sýna röklega fram á að Guð hafi skapað heiminn. En Hume er í samræðunni að gagnrýna þau rök og reynir að hrekja þau. Hume segir að þrátt fyrir að heimurinn gefi mannlegri reynslu okkar til kynna hið fullkomnasta samræmi og skipulag sem eigi sér uppruna telur hann að slíkan uppruna þurfi ekki endilega að rekja til verka vitaborinnar veru sem skapaði heiminn af ástæðu. Hérna kemur trúarlega efahyggjan fram hjá Hume þar sem hann segir að uppruna heims þurfi ekki endilega að rekja til vitaborinnar veru heldur geti

¹⁸ Hume 2002, bls. 23, 63-81.

upprunninn átt sér aðrar orsakir. Heimurinn geti haft samræmi og skipulag án þess að sjálfur Guð hafi skapað hann.¹⁹

Fjórða samræða

Fjórða samræðan byrjar á því að Kleanþes lýsir furðu sinni yfir því að Demea sem var einlægur málsvari trúarinnar skuli halda því fram að eðli guðdómsins sé dularfullt og óskiljanlegt og að guðdómurinn sé í engu líkur manningum. Kleanþes viðurkennir fúslega að Guð sé mörgum gáfum gæddur og eiginleikum sem ekki er á okkar færi að öðlast skilning á. Hann heldur áfram rökræðu sinni: „Þið dulspekingar haldið því fram að guðdómurinn sé algerlega óskiljanlegur, ólíkt efamönnum og guðleysingjum sem fullyrða að frumorsök allra hluta sé óþekkt og óskiljanleg.“²⁰ Þessi samræða byggir á rökræðum Kleanþesar og Demeu þar sem þau takast á um eðli guðdómsins og það hvort maðurinn sé fær um að öðlast þekkingu á þessum guðdómi. Kleanþes heldur því fram að guðdómurinn sé svipaður mannhug og mannskilningi. Heimspekingurinn Fílón kemur inn í samræðuna og heldur því fram að engin ástæða sé til að ætla að skipulag heimsins sé myndað í huga Guðs líkt og húsameistari myndar í huga sér skipan húss sem hann hefur að markmiði að byggja. Kleanþes, Demea og Fílón halda rökræðu sinni áfram og taka fyrir mannlega reynslu, skynsemi, orsakir og afleiðingar svo eitthvað sé nefnt.²¹

Sjöunda samræða

Í sjöundu samræðu halda þeir vinir áfram að rökræða. Þeir rökræða um heiminn, eðli hans og tilurð. Hvert sé eðli heimsins og hvernig hann hafi orðið til. Þeir rökræða einnig um Guð sjálfan, eðli hans og tilurð. Hvert sé eðli Guðs og hvernig hann varð til. Kleanþes átti að hafa sagt við Fílón að engin staðreynd verði sönnuð öðruvísi en á grundvelli reynslu. Þá verði tilvera Guðs ekki sönnuð eftir neinni annarri leið. Þetta sýnir vel þá skoðun Humes að þekking manna á Guði sé ekki möguleg nema í gegnum reynslu. Þeir vinir halda áfram rökræðu sinni um myndum heimsins og bregða á það ráð að líkja heiminum við ýmislegt til þess að skilja hann betur. En Fílón bendir réttilega á að þeir hafi engar staðreyndir sem styðji neina heimsmyndunarkenningu. Reynsla okkar manna er svo ófullkomin í sjálfri sér og takmörkuð í tíma og rúmi. Erfitt er að setja fram tilgátu um heiminn í heild sinni. Umræða

¹⁹ Hume 2002, bls. 24, 81-90.

²⁰ Sjá sama rit 2002, bls. 90.

²¹ Sjá sama rit 2002, bls. 90-100.

þeirra heldur áfram þegar þeir ræða um sjálfa náttúruna og þau öfl sem hana einkenna, náttúruna er hægt að þekkja og ráða í með reynslu og skynsemi og jafnvel nota hana til að skýra guðdóminn. Í þessari samræðu kemur augljóslega fram sú skoðun Humes að það sé ekki á mannlegu valdi að skýra hinstu orsakir eða sýna endanlegt samhengi hlutanna. Það nægir að styðjast við reynslu og athugun en reynslan er takmörkuð og ófullkomin.²²

Áttunda samræða

Umræða þeirra vina heldur áfram og þeirri hugmynd varpað fram í þessari samræðu að það gæti verið mögulegt að efnisheimurinn hafi mögulega orðið til af hendingu. Í þessu samhengi vísar Hume til kenningar Epikúrosar en hann taldi alheiminn gerðan af tómunum efniseindum og þar sem þessar eindir hafa þyngd má gera ráð fyrir frumeindaregni. Með efnishyggju Epikúrosar er Hume að benda á hvers vegna hinn skynjanlegi heimur sé kerfisbundinn og sífelldum breytingum undirorpinn. Þeir Fílón og Demea ræða sín á milli um efnið og telja að það hafi alltaf verið á sífelldri hreyfingu. Engin efnisögn sé algerlega hreyfingalaus. Þeir setja fram nýja heimsmyndunartilgátu þar sem um er að ræða kerfisbundna skipan eða skipulag sem gerir efninu kleift að viðhalda sífelldri hræringu. Fyrirkomulag og niðurskipan efnisins er að það er á stöðugri hreyfingu. Hreyfing efnisins er því heimsmyndunartilgáta í sjálfu sér.²³

Níunda samræða

Í níundu samræðu bókarinnar heldur rökræða þeirra Kleanþesar og Demeu áfram og sú heimspeki sem þau fást við er tilurð og sköpun heimsins. Rökfærsla Demeu gengur út á það að allt sem er til hljóti að eiga sér orsök eða ástæðu fyrir tilvist sinni. Þessi rök nefnast „heimsfræðilegu rökin“. Hann segir að ómögulegt sé að nokkur hlutur geti búið sig til eða verið orsök eigin tilveru. Demea skilur þetta þannig að ef allt eigi sér orsök að þá sé hægt að rekja orsakir hluta aftur til hinnar hinstu orsakar sem hann telur vera til. Demea segir að frá upphafi hafi ekkert verið til nema orsakaruna sem myndar alheiminn. En hann spyr sig hvers vegna eitthvað hafi orðið til fremur en ekkert. Demea gefur sér að það hafi verið vera sem var nauðsynlega til og ber rök tilveru sinnar í sjálfri sér. Í framhaldi af þessu kemst Demea að þeirri niðurstöðu að Guð sé til. Kleanþes andmælir þessari rökfærslu og telur hana illa

²² Hume 2002, bls. 117-126.

²³ Sjá sama rit 2002, bls. 28-29, 126-135.

grundvallaða. Umræðan í níundu samræðu einkennist að því að heimurinn í heild sinni hljóti að eiga sér orsök og að allir hlutir í heiminum séu þá orsökum háðir. Þetta þarf ekki að vera rétt vegna þess að einstakir hlutir og viðburðir í heiminum geta átt sér orsakir en heimurinn í heild sinni þarf ekki að eiga sér orsök. Kleanþes spyr sjálfan sig að því hvernig hlutir sem hafa verið til frá upphafi geti átt sér orsök.²⁴

Tólfta samræða

Í tólftu og síðustu samræðunni halda þeir Kleanþes og Filón áfram að rökraða um trúarbrögðin og sambærilega heimspeki. Þeir bræður eru ennþá að leita skýringa og þekkingar á trúarbrögðunum, heiminum og náttúrunni. Í upphafi samræðunnar ræða þeir um eðli náttúrunnar og benda á að náttúran geri ekkert til einskis og náttúran vinni eftir einföldustu aðferðum og velji hentugustu leið að hverju marki. Náttúran sinnir sínu verki án þess að nokkur trúarlegur tilgangur komi til. Niðurstaða Humes í samræðunni var að skipulagsrökin, sem talin voru máttarstólpi kristinnar trúar, væru einskis nýt. Hann taldi að því dýpri sem trú mannsins væri, þeim mun meiri væri mismunurinn á Guði og mönnum. Hume skrifaði eina ritgerð um sögu trúarbragða en ritgerðin heitir „The Natural History of Religion“²⁵. Þar kemst Hume að þeirri niðurstöðu að fjölgyðistrú sé mannum bæði eðlilegri og einnig líklegri til að hafa góð áhrif á siðferði hans fremur en eingyðistrú. Hann telur ástæðuna vera þá að eingyðistrú sé bæði ofstækisfyllri og henni fylgi tilhneiging til að skapa kerfisbundna guðfræði. Hume segir að slík guðfræði byggji ætíð á trúaratriðum sem er ekki fótur fyrir í reynslu okkar. En reynsluna taldi hann grundvöll allrar þekkingar á staðreyndum.²⁶ En hér lýkur greinargerð minni fyrir samræðum Humes.

III. hluti. Umræða Kants, Humes og Descartes um hinar þrennu hefðbundnu guðssannanir

Í þessum þriðja hluta verða tekin til skoðunar hin þrennu meginrök fyrir tilvist Guðs. Það eru skipulagsrökin (e. *teleological argument*), heimsfræðilegu rökin (e. *cosmological argument*) og verufræðilegu rökin (e. *ontological argument*). Í lok þessa hluta verður fjallað um afbrigði Descartes á verufræðilegu rökunum.

²⁴ Hume 2002, bls. 29, 135-142.

²⁵ Hume 1757

²⁶ Hume 2002, bls. 31-32, 177-199.

Skipulagsrökin (Kant)

Skipulagsrökin ganga að því vísu að heimurinn sé skipulagður upp að einhverju marki. Líklegra sé að álykta að heimurinn sé skipulagður og að hann hafi verið skapaður af vitsmunaveru sem hafi komið þessu skipulagi á frekar en að þetta hafi allt saman verið tilviljun. Skipulagsrökin hafa einkum verið nefnd „Teleological Argument“ og „Argument from Design“.²⁷

Kant setti fram ákveðna gagnrýni á skipulagsrökin en þrátt fyrir að hann hafi hafnað rökunum leit hann svo á að þau væru mjög gagnleg og marktæk. Hann taldi rökin gegna ákveðnu hlutverki gagnvart vísindum og þau gæfu mönnum tilgang og hvettu menn til rannsókna á sjálfri náttúrunni. Kant var þeirrar skoðunar að skipulagsrökin væru mikilvæg fyrir vísindin vegna þess að þau hjálpuðu okkur að skapa einingu utan um náttúruna.

Kant setur fram tvenn andmæli gegn skipulagsrökunum. Fyrri andmælin eru frábrugðin andmælum Hume. En Kant leggur fram tvo kosti í þessum andmælum. Fyrri kosturinn er sá að Guð sé þáttur í keðju náttúrulegra orsaka en sá seinni er að hann standi fyrir utan þessa orsakakeðju. Hvað varðar fyrri kostinn, þá kallar það á útskýringu og hægt að spyrja sig: Hver var orsök Guðs? Kant færði fyrir því rök að tilvist óendanlegrar nauðsynlegrar orsakar sé handan mannlegrar skynsemi. Varðandi seinni kostinn segir Kant að mannleg skynsemi geti ekki komist að þeirri niðurstöðu að Guð sé til vegna þess að Guð er handan skynsemismarka.

Seinni andmæli Kants snúast um það að skipulagsrökin sanni einungis það að form eða skipulag heimsins hafi verið skapað af ástæðu. En rökin sýni ekki fram á að efnið (*e. matter*) sjálft hafi sambærilega orsök. Þessi andmæli Kants virðast vera úrelt í ljósi núverandi heimsmyndunarfræða en samkvæmt nútímaeðlisfræði eru efni og form heimsins óaðgreinanleg og eiga bæði uppruna sinn í Miklahvellisviðburðinum. Þess vegna standast ekki þessi andmæli Kants,²⁸ að mínu mati.

Skipulagsrökin (Hume)

Skipulagsrökin eru rök sem ganga út á að líkja náttúrunni við ákveðinn smíðagrip og þess vegna hljóti að vera til smíður sem hafi smíðað þennan smíðagrip. Skipulag heimsins gefi til kynna að einhver hafi komið þessu skipulagi á. Hume gagnrýnir þessi rök og segir að þrátt fyrir að náttúran sé sköpunarverk þessa heimssmiðs þá

²⁷ Netheimild (8)

²⁸ Netheimild (2)

segir það ekkert til um eiginleika heimssmiðsins. Ekki annað en það að hann hafi nægilegt vit og mátt til þess að skapa heiminn sem maðurinn hefur reynslu af. Hume telur að skipulagsrökin gefi mönnum ekki tilefni til þess að halda því fram að þessi heimssmiður sé alvitur, almáttugur og algóður.²⁹

Hume telur óskynsamlegt að líkja náttúrunni við smíðagrip á þann hátt sem skipulagsrökin gera. Hann var þeirrar skoðunar að náttúran gæti alveg eins verið lífvera sem væri sjálfsköpuð. En Hume segir að maðurinn geti einfaldlega ekkert vitað um þetta vegna þess að hann hafi enga reynslu af því hvernig heimurinn og skipulag heimsins varð til. Hume viðurkennir að hægt sé að færa fyrir því rök að náttúran sé smíðagripur heimssmiðs en bendir á að rökin staðfesti ekki að um sé að ræða einn Guð sem skapaði verkið heldur gæti náttúran átt sér marga Guði.

Hume segir að þrátt fyrir að skipulagsrökin geti sýnt fram á að Guð sé til geti rökin ekki staðfest að sá Guð sé sambærilegur þeim sem kristnir menn trú á. Hann telur það vera útilokað að notfæra rökin til þess að sanna að Guð, skapari heimsins, sé góður og láti allt sköpunarverk sitt máli skipta, einkum í ljósi þess að heimurinn er fullur af böli. Þess vegna er ekki hægt að gera ráð fyrir algóðum Guði vegna þess að annars myndi hann vinna gegn þessu böli. Hume útilokar ekki að heimurinn sé skapaður af Guði sem er algóður, almáttugur og alvitur en bendir mönnum á að það sé engin ástæða að ætla að svo sé.

Niðurstaða Humes gagnvart skipulagsrökunum liggur ekki endanlega fyrir. En hann telur rökin ekki nægileg til þess að standa undir neinum einum trúarbrögðum né til þess að geta sýnt fram á neitt um eiginleika guðdómsins. Hume útilokar samt ekki að guðdómurinn hafi vitsmuni sem eru sambærilegir mannlegri skynsemi. En ekki er vitað hvort Hume hafi verið þeirrar skoðunar að skipulagsrökin styðji við einhverja guðstrú.³⁰

Heimsfræðilegu rökin (Kant)

Heimsfræðilegu rökin ganga út frá því að tilvist heimsins sé sönnun þess að Guð sé til og hafi skapað þennan heim okkar. Samkvæmt rökunum þarfnast tilvist heimsins útskýringar og eina fullnægjandi útskýringin á þessari tilvist heimsins er að hann eigi sér ástæðu og sú ástæða geti ekki verið neitt annað en Guð. Hér er einföld útgáfa af heimsfræðilegu rökunum:

²⁹ Atli Harðarson 1998, bls. 180.

³⁰ Atli Harðarson 1998, bls. 180-181.

(1) Allt sem á sér tilvist hefur ástæðu tilvistar sinnar.

(2) Heimurinn á sér tilvist.

Þess vegna: (3) Hefur heimurinn ástæðu tilvistar sinnar.

(4) Ef heimurinn hefur ástæðu tilvistar sinnar hlýtur sú ástæða að vera Guð. Þess vegna: (5) Guð er til.

Heimsfræðilegu rökin eru til í tveimur meginútgáfum sem eru: „The First Cause Argument“ og „Argument From Contingency“. Heimsfræðilegu rökin eru eftirá rök (*a posteriori*) vegna þess þau grundvallast á heiminum sem við sjáum og höfum reynslu af. Rökin ganga út frá þeirri forsendu að það sé nauðsynleg ástæða á bak við tilvist heimsins.³¹

Þegar Kant ræðir um heimsfræðilegu rökin og nálgun á þeim segir hann að þar sem nauðsynleg tilvist er óskiljanleg höfum við enga þekkingu á eiginleikum nauðsynlegrar veru. En allt sem við vitum er að endanleg vera sé nauðsynleg.

Þrátt fyrir að við viðurkennum að við höfum enga þekkingu á jákvæðum eiginleikum nauðsynlegrar veru þýðir það ekki að við getum ekki þekkt þá eiginleika sem eru samrýmanlegir þessari nauðsynlegu veru. Við þekkjum margar endanlegar verur þar með talið efnislega takmarkaðar verur. Getum við vitað að þessi nauðsynlega vera sé ekki efnisleg og hafi ekki upphaf og sé samsett úr aðskiljanlegum hlutum?

Kant taldi heimsfræðilegu rökin byggjast á verufræðilegu rökunum og hann var sannfærður um að ef verufræðilegu rökin væru dæmd til þess að falla hlýtu heimsfræðilegu rökin sömu örlög. Kant telur að helsta sambandið milli þessara tveggja raka sé hugmyndin um nauðsynlega tilvist. Þar sem tilvist Guðs er innifalin í eðli hans er mönnum ljóst að Guð er ekki bara til heldur á hann sér nauðsynlega tilvist en þessu er Kant ekki sammála.³²

Heimsfræðilegu rökin (Hume)

Heimsfræðilegu rökin eru til í ýmsum útgáfum en Hume tekur þau til skoðunar í *Samræðum um trúarbrögðin*. Rökin ganga almennt að því vísu að ekkert geti orðið til að ástæðulausu og að eina mögulega ástæðan fyrir tilveru heimsins sé Guð. Hægt er að útskýra rökin í eftirfarandi orðum: Að öllum líkindum er ástæða fyrir því að ég er til. Ástæða tilveru minnar er að finna hjá foreldrum mínum en þeir einir eru ekki

³¹ Netheimild (6)

³² Netheimild (1)

nægileg skýring á tilveru minni vegna þess að það á eftir að útskýra hvernig foreldrar mínir urðu til og foreldrar þeirra o.s.frv. En það gengur ekki að halda svona áfram og þess vegna er eina raunverulega skýringin frumorsök sem kann ekki að vera neitt annað en Guð.³³

Í *Rannsókn á skilningsgáfunni*³⁴ eftir Hume er fyrirferðamikil kenning um tengsl orsaka og afleiðinga. Þessa kenningu notar hann meðal annars til að kasta rýrð á hin heimsfræðilegu rök fyrir tilvist Guðs. En eins og áður hefur komið fram snúast þau rök um þá forsendu að orsök heimsins geti ekki verið annað en Guð, hann sé eini mögulegi skapari heimsins. En kenning Humes um þessi tengsl orsaka og afleiðinga segir okkur að ómögulegt sé að greina nákvæmlega hvað veldur því að eitt atvik orsaki annað. Hume heldur því fram að þekking manna á orsakatengslum sé ekki byggð á réttum skilningi.³⁵ Í þessu sambandi er ekki nauðsynlegt að Guð hafi orsakað heiminn og þess vegna þarf Guð ekki nauðsynlega að vera til. En það er það sem Hume er að gefa til kynna með kenningu sinni um orsök og afleiðingu.

Umræðan í níundu samræðu Humes einkennist af því að heimurinn í heild sinni hljóti að eiga sér orsök og að allir hlutir í heiminum séu því orsökum háðir. Hume segir að þetta þurfi ekki að vera rétt vegna þess að einstakir hlutir og viðburðir í heiminum geti átt sér orsakir en heimurinn í heild sinni þurfi ekki að eiga sér orsök.³⁶

Heimsfræðilegu rökin ganga að því gefnu að Guð, hin fyrsta orsök, sé orsök heimsins. Hume segir í fjórðu samræðu að: „Andlegur heimur og heimur hugmynda þarfnist orsakar jafnt sem efnislegur heimur eða heimur hluta; og sé skipulag þeirra svipað, hljóta þeir að krefjast svipaðrar orsaka“.³⁷ „Ef þessi efnisheimur grundvallast á þessum andlega heimi, hlýtur sá andlegi heimur að grundvallast á einhverjum öðrum og heldur þannig áfram endalaust“.³⁸ Hume var þeirrar skoðunar að efnisheimurinn búi sjálfur yfir lögmáli eigin skipulags. Með þessu gagnrýnir Hume heimsfræðilegu rökin og segir að þau sanni ekki tilvist Guðs.

³³ Atli Harðarson 1998, bls. 174.

³⁴ Hume 1748

³⁵ Sjá sama rit 1998, bls. 178.

³⁶ Hume 2002, bls. 29.

³⁷ Sjá sama rit 2002, bls. 94.

³⁸ Sjá sama rit 2002, bls. 95-96.

Verufræðilegu rökin (Kant)

Verufræðilegu rökin notast við skynsemina eina til þess að sanna tilvist Guðs. Rökin eru algjörlega fyrirfram (*a priori*) rök sem byggja ekki á neinni reynslu. Rökin hafa það markmið að útskýra Guðshugtakið en leitast við að sýna fram á að Guð sé til á grundvelli hugtaksins eins. Hvorki Kant né Hume töldu rökin gild.

Verufræðilegu rökin eru talin hugvitsamleg og hafa málfræðilegt yfirbragð og það er erfitt verkefni að segja nákvæmlega hvað er rangt við þau ef eitthvað er rangt við þau. Rökin gefa til kynna samband milli þriggja hugtaka sem eru: hugtakið um Guð, hugtakið um fullkomnun og hugtakið um tilvist. Rökin sýna fram á að fullkomnun er hluti af hugtakinu um Guð og fullkomnun leiðir af sér tilvist og þar af leiðandi leiðir Guðshugtakið af sér tilvist Guðs. Ein helsta gagnrýnin á verufræðilegu rökin er gagnrýni Kants.³⁹

Verufræðilegu rökin voru fyrst sett fram af heilögum Anselm. Einföld útgáfa af rökum Anselms eru eftirfarandi:

- 1) Hugmyndin um Guð inniheldur allar hugsanlegar fullkomnanir.
- 2) Tilvist er fullkomnun.
- 3) Þess vegna er óhugsandi að Guð sé ekki til.

Kant setur fram tvenn meginrök gegn verufræðilegu rökunum. Fyrri rök Kants byggjast á eftirfarandi fullyrðingu: Það „hvað hlutur er“ og það „hvort hlutur er“ eru tvær mismunandi spurningar. Við getum sagt hvað okkur langar varðandi eðli og náttúru hluta en það er annað að segja að hlutur með eðli og náttúru eigi sér tilvist. Heilagur Tómas hefði samþykkt andmæli Kants þar sem spurningin um eðli hlutar og spurningin um tilvist hlutar eru alltaf tvær mismunandi spurningar. Þetta kann að vera satt jafnvel þótt eðli og tilvist hluta séu í raun sambærileg fyrirbæri.⁴⁰

Seinni rök Kants gegn verufræðilegu rökunum eru upprunalegri en þau fyrri en talið er að heilagur Tómas hafi einnig samþykkt þau. Þessi gagnrýni Kants er þekktasta gagnrýnin á verufræðilegu rökin en hann færir fyrir því rök að tilvist sé ekki eiginleiki hlutar og þess vegna geti tilvist ekki innihaldið eðli eða náttúru hlutar. Kant reynir að útskýra þessa gagnrýni. Gefum okkur það að tilvist sé eiginleiki. Segjum að maður komi og lýsi mögulegum hlut, hlut eins og blaða-véla-skúlptúr. Hann lýsir lögun hans, stærð og samsetningu í algjörum smáatriðum. Svo spyr maðurinn hvort blaða-véla-skúlptúr af þessari gerð sé í raun til. Gerum ráð fyrir

³⁹ Netheimild (7)

⁴⁰ Netheimild (1)

því að svarið væri að skúlptúr S samsvari lýsingu T. Ef tilvist væri eiginleiki, þá væri eiginleiki sem S á eiginleiki sem kom ekki fram í lýsingu minni, sem er eiginleikinn tilvist. Þetta þýðir að það er alltaf ómögulegt að gefa nákvæma lýsingu á naumlega mögulegum hlut þar sem sú lýsing myndi alltaf missa af einum eiginleika sem umræddur hlutur ætti að hafa.⁴¹

Verufræðilegu rökin (Hume)

Í *Samræðum um trúarbrögðin* fjallar Hume um verufræðilegu rökin en hann telur þau ekki sanna tilvist Guðs með neinum hætti. Rökin hafa þegar verið útskýrð og skilgreind. Hume hefur sterka skoðun á rökunum en í níundu samræðu bókarinnar lætur hann Kleanþes og Demeu rökræða um tilvist Guðs í verufræðilegum skilningi. Þar segir Kleanþes orðrétt: „Ekkert er röksannanlegt, nema hið gagnstæða feli í sér mótsögn. Ekkert, sem er glögglega hugsanlegt, felur í sér mótsögn. Hvaðeina, sem við hugsum okkur að sé til, getum við líka hugsað okkur að sé ekki til. Þess vegna er engin sú vera til, að tilveruleysi hennar feli í sér mótsögn. Af því leiðir að engin rökleg vera er til. Rökfærslu þessa legg ég fram alveg fortakslaut sem úrslitaatriði; og ég er fús til að láta alla umræðuna velta á henni“.⁴²

Með þessum rökum er Hume að reyna að afsanna tilveru Guðs með því að segja að tilvera hans sé ekki röksannanleg vegna þess að hið gagnstæða feli í sér mótsögn. Það sem að við getum hugsað okkur að sé til geti alveg eins ekki verið til. Hume er hér að segja að það sé ekki nóg að hafa hugmynd um Guð til þess að staðfesta tilvist hans. Rökleg vera samkvæmt þessum rökum getur mögulega ekki verið til.

Hume virðist vera að gagnrýna það að Guð sé vera sem er nauðsynlega til en ekki sé hægt að fullyrða neitt um þessa tilverunauðsyn og tilveruhátt Guðs. Hvers vegna getur þá efnisheimurinn ekki verið veran sem nauðsynlega er til samkvæmt þessum sýndarskilningi á nauðsyninni?⁴³ Hume bendir okkur á að efnisheimurinn kann að vera þessi guðlega vera sem nauðsynlega er til en ekki alfullkominn Guð sem enginn veit hver er.

Verufræðilegu rökin leiðast að þeirri niðurstöðu að Guð eigi sér tilvist, alfullkomin vera sé til vegna skilgreininga á hugtakinu alfullkominn. Þrátt fyrir að heim-

⁴¹ Netheimild (1)

⁴² Hume 2002, bls. 137.

⁴³ Sjá sama rit 2002, bls. 138.

spekingar hafi gagnrýnt verufræðilegu rökin er hægt að sýna fram á að rökin séu gild ekki síst röklega vegna þess að þau leiðast að röklegri niðurstöðu af gefnum forsendum. Atli Harðarson gagnrýnir verufræðilegu rökin líkt og Hume gerði og heldur því fram að tilvist sé ekki eiginleiki og merking orðsins „alfullkomin“ feli ekki nauðsynlega í sér að alfullkomin vera sé til.⁴⁴ En þessi gagnrýni er sambærileg gagnrýni Kants.

Verufræðilegu rökin (Descartes)

Descartes setti fram sitt afbrigði af verufræðilegu rökunum. En hann setti ekki fram hefðbundna gagnrýni á rökin líkt og Hume og Kant gerðu heldur studdi hann þau. En Descartes var þeirrar skoðunar að verufræðilegu rökin væru gild og að þau sönnuðu tilveru Guðs og að tilvera Guðs væri að hans mati áreiðanleg sannindi.

Rök Descartes eru grundvölluð á tveimur meginatriðum úr heimspeki hans sem eru kenningin um meðfæddar hugmyndir og kenningin um skýrar og greinilegar skynjanir. Það afbrigði sem Descartes setur fram virðist vera nokkuð skiljanlegt. Það kemur fram að tilvera Guðs er ályktuð beint og dregin af þeirri staðreynd að nauðsynleg tilvera byggist á skýrum og greinilegum hugmyndum algjörlega fullkominnar veru. Descartes stakk upp á því að þessi svokölluðu verufræðilegu rök væru ekki formleg sönnun á tilveru Guðs en væru samt sem áður sjálf sönnuð frum-sannindi.⁴⁵

Descartes virðist persónugera verufræðilegu rökin sem rök um eiginleika og náttúru Guðs og færir fyrir því rök að nauðsynleg tilvera geti ekki verið aðgreind frá algjörlega fullkominni veru án þess að maður lendi í mótsögn við sjálfan sig. Descartes byggir röksemdafærslu sína á hefðbundnum heimspekilegum greinarmun á eiginleika hlutar og tilveru hlutar.⁴⁶

Descartes reynir að sanna tilveru Guðs með ákveðnum rökum. Þar sem hann hefur sína hugmynd um einhvern hlut í hugsun sinni, hlýtur hluturinn í raun og sannleika að hafa allt sem hann skynjar skýrt og greinilega sem við kemur honum. Descartes telur að þetta sé eitthvað sem sannar tilveru Guðs.⁴⁷

Descartes getur ekki hugsað sér Guð án tilvistar og telur að tilvistin verði ekki skilin frá Guði og þar af leiðandi hljóti Guð að vera til. Descartes gefur sér það að

⁴⁴ Atli Harðarson 1998, bls. 175.

⁴⁵ Netheimild (3)

⁴⁶ Netheimild (3)

⁴⁷ Descartes 2001, bls. 194.

Guð hafi alla fullkornun og dregur þá ályktun að hann sé til vegna þess að tilvera er fullkornun. Hann kemst að þeirri áreiðanlegu niðurstöðu að hin fyrsta og æðsta vera sem er Guð eigi sér tilvist.⁴⁸ Rök Descartes fyrir tilvist Guðs koma fyrir í tveimur meginútgáfum:

Útgáfa A:

- 1) Hvaðeina sem ég skynja skýrt og greinilega er hugmynd um eitthvað sem er satt og greinilegt.
- 2) Ég skynja það skýrt og greinilega að nauðsynleg tilvera rúmast innan hugmyndarinnar um Guð.
- 3) Þar af leiðandi er Guð til.

Útgáfa B:

- 1) Ég hef hugmynd um algjörlega fullkomna veru þ.e. veru með alla fullkornun.
- 2) Nauðsynleg tilvera er fullkornun.
- 3) Þar af leiðandi er algjörlega fullkomin vera til sem er Guð.⁴⁹

Verufræðilegu rökin eru hér í búningi Descartes og sýna fram á að Guð á sér mögulega tilvist í verufræðilegum skilningi og því eru verufræðilegu rökin gild í huga Descartes. Rökin sanna og sýna fram á tilvist Guðs.

Þorsteinn Gylfason ræðir í inngangi sínum að *Orðræðu um aðferð*⁵⁰ meginhugmynd Descartes sem hann telur einfalda og snjalla. Þorsteinn segir hugmyndina snúast um það sem Descartes kallaði skýrar og greinilegar hugmyndir. „Meðal þeirra voru hugmyndir hans um sjálfan sig sem hugsandi veru og hugmyndin um alfullkominn Guð. Með skýrar og greinilegar hugmyndir einar að vopni taldi hann sig geta sannað tilvist hvors tveggja, sjálfs sín og guðdómsins og með því að Guð væri alfullkominn væri tryggt að allar skýrar og greinilegar hugmyndir, svo sem um rúm-tak og hreyfingu, væru sannleikanum samkvæmar líka“.⁵¹

Descartes segir í þriðju hugleiðingu bókarinnar *Hugleiðingar að frumspeki*⁵²: „Að hvaðeina sem ég skynja skýrt og greinilega, og veit um að býr yfir einhverri fullkornun og ef til vill ótalmörgu öðru sem ég veit ekkert um, hlýtur að vera í Guði, annað hvort í sinni eiginlegu mynd eða annarri æðri. Af þessu leiðir að Guðshugmynd mín er eins sönn og verið getur og skýrari og greinilegri en allar aðrar hug-

⁴⁸ Descartes 2001, bls. 195-196.

⁴⁹ Netheimild (3)

⁵⁰ Descartes 1637

⁵¹ Descartes 1998, bls. 47.

⁵² Descartes 1641

myndir“.⁵³ Descartes dregur þá ályktun að Guð sé til af þeirri forsendu að hann sjálfur er til og vegna þess að hann hefur hugmynd um þessa alfullkomnu veru. Þá lýkur þessum þriðja hluta um skipulagsrökin, heimsfræðilegu rökin og verufræðilegu rökin.

IV. hluti. Gagnrýni á umræðu Kants og Humes um hinar þrjár hefðbundnu guðssannanir

Í þessum fjórða hluta ritgerðarinnar verður sett fram gagnrýni á rök þeirra Kants og Humes sem þeir settu fram gegn skipulagsrökunum, heimsfræðilegu rökunum og verufræðilegu rökunum. Í þriðja hluta voru þessi meginrök útskýrð og skilgreind en nú er markmið mitt að gagnrýna þau og færa fram ákveðin mótrök. Rannsóknarspurningin var um það hvort þeir Hume og Kant setji fram góð rök gegn trúarbrögðum og hefðbundnum guðssönnunum en markmið mitt er að rannsaka það hér. Þess má geta að höfundur þessarar ritgerðar er trúaður maður sem gæti haft einhver áhrif á niðurstöðu.

Skipulagsrökin (Kant-Hume)

Skipulagsrökin eru reist á þeirri forsendu að regla og skipulag sé á heiminum og þar sem þessi regla og þetta skipulag er á heiminum hljóti að vera einhver sem kemur þessari reglu og þessu skipulagi á. Það er rétt að taka það fram að til eru ýmsar ólíkar framsetningar á skipulagsrökunum eins og komið hefur fram. Bæði Hume og Kant tóku skipulagsrökin til gagnrýninnar umfjöllunar og áttu það sameiginlegt að hafna þeim. En á tímum Humes og Kants voru rökin talin fullgild af flestum. Þrátt fyrir að báðir hafi hafnað rökunum gerðu þeir það með ólíkum hætti og á ólíkum forsendum. Þeir eiga það sameiginlegt að vísa í takmörk mannlegrar þekkingar og að mannum sé ómögulegt að öðlast þekkingu á Guði sem er utan allrar mannlegrar reynslu. Hume og Kant eru þeir heimspekingar sem gagnrýndu trúarbrögðin og hefðbundnar guðssannanir hvað mest og gætir áhrifa þeirra allt til okkar tíma.

Kant:

Í þriðja hluta var farið yfir gagnrýni Kants á skipulagsrökin en þó svo að hann hafi ekki talið þau gild bar hann virðingu fyrir þeim og taldi upp ýmsa jákvæða kosti þeirra. Kant telur að skipulagsrökin séu ekki gild og geti ekki gefið mönnum fræðilega fullvissu um tilvist Guðs. Þetta segir hann vegna þess að hann telur að engin

⁵³ Descartes 2001, bls. 170.

mannleg reynsla geti gefið skynseminni innihald um þá einingu sem liggur utan náttúrunnar. Ég tel að þrátt fyrir að mannleg reynsla gefi ekki skynseminni innihald um þessa einingu utan náttúrunnar sýni náttúran okkur augljóslega reglu og skipulag og gefi okkur fræðilega fullvissu um að það hljóti að vera einhver vera utan náttúrunnar sem skapaði okkar heim. Þrátt fyrir að maðurinn hafi ekki beina reynslu af Guði hefur hann mannlega reynslu af heiminum sem Guð skapaði og þess vegna má segja að maðurinn hafi óbeina reynslu af Guði.

Kant segir að þrátt fyrir að við sjáum ákveðið skipulag í heimi reynslunnar þá leyfi það okkur ekki að álykta út fyrir alla reynslu um einhvern grundvöll hennar. Þetta segir hann vegna þess að þau frumhugtök skilningsins sem móta reynsluna eiga aðeins við um reynslu en eru merkingarlaus sé þeim beitt utan allrar hugsanlegrar reynslu. Það kann að vera rétt hjá Kant að frumhugtök skilningsins sem móta reynsluna eigi aðeins við um reynslu og séu merkingarlaus sé þeim beitt utan allrar hugsanlegrar reynslu. Ég tel að hæfileikinn til að sjá þessa reglu og þetta skipulag í heimi reynslunnar gefi okkur einmitt ástæðu til að álykta um guðdóminn sem kom heiminum í það horf sem hann er í. Kant var þeirrar skoðunar að þrátt fyrir að skipulagsrökin væru gild þá myndu þau aðeins sanna tilveru einhverskonar heimssmiðs en ekki nauðsynlega tilveru hans. Það er mín skoðun að skipulagsrökin séu gild og sýni fram á tilvist þessa heimssmiðs og einmitt það bendir sterklega til tilvistar hans vegna þess að ef að hann væri ekki til væri enginn reglulegur og skipulagður heimur.⁵⁴

Hume:

Í þriðja hluta var einnig farið yfir gagnrýni Humes gegn skipulagsrökunum en hann var einnig þeirrar skoðunar að rökin væru ekki gild. Helsta gagnrýni Humes á rökin er sambærileg gagnrýni Kants. Hume telur að þrátt fyrir að náttúran geti verið sköpunarverk ákveðinnar vitsmunaveru telur hann að það segi ekkert um eiginleika verunnar annað en það að hún hafi nægilegt vit og nægilegan mátt til þess að skapa heiminn sem maðurinn hefur reynslu af. Hume segir að rökin gefi okkur ekki ástæðu til þess að fullyrða um að þessi vitsmunavera sé alvitur, almáttug og algóð. Hér viðurkennir Hume að náttúran gæti alveg eins verið sköpunarverk þessarar vitsmunaveru en dregur í efa að hægt sé að segja eitthvað um eiginleika þessarar veru annað en það að hún hafi haft næginlegt vit og mátt til þess að skapa þennan heim.

⁵⁴ Atli Harðarson 1982, bls. 57-58.

Hume virðist hér viðurkenna þetta en getur ekki viðurkennt að veran hljóti að vera alvitur, almáttug og algóð.

Eins og fram hefur komið telur Hume ekki skynsamlegt að líkja náttúrunni við smíðagrip á þann veg sem skipulagsrökin gera. Hann segir að náttúran gæti alveg eins verið lík lífveru sem er sjálfsprottin eins og náttúruvísindin kenna okkur í dag en ekki smíðagripur einhvers heimssmiðs. En Hume telur að um þetta geti maðurinn ekkert vitað þar sem að hann hafi enga reynslu af því hvernig heimurinn varð til.

Ég er ósammála Hume og tel skynsamlegt að líkja náttúrunni við smíðagrip vegna þess að náttúran gefur sterklega til kynna að hún sé smíðagripur og vegna þess að náttúran býr yfir þessari reglu og skipulagi sem hlýtur að eiga sér smíð eða skapara. Útilokað er að lífvana náttúran eða efnisheimurinn hafi skapað sjálfan sig eða sé sjálfsprottin vegna þess að náttúran og efnisheimurinn hafa enga vitsmuni eða sköpunargáfu og geta þar af leiðandi ekki verið orsök eigin tilveru. Enn ein rökin hjá Hume voru á þá leið að sköpun heimsins hafi verið einstakur viðburður sem enginn maður hafði reynslu af og geti maðurinn því ekkert sagt um þennan viðburð. Þrátt fyrir það er ekki hægt að útiloka að þessi einstaki viðburður hafi átt sér stað vegna þess að heimurinn í allri sinni mynd sýnir okkar fram á að þessi einstaki viðburður hafi átt sér stað. Sköpun heimsins var einstakur viðburður sem að mínu mati hefði aldrei getað orðið að veruleika af sjálfu sér vegna þess að viðburður sem þessi býr yfir einhverju sem lífvana efnisheimur getur ekki komið af stað né skapað.

Skipulagsrökin eiga að geta sýnt fram á tilvist Guðs en Hume telur rökin ekki staðfesta að til sé Guð sambærilegur þeim Guði sem kristnir menn trú á. Hume telur að það sé útilokað að nota skipulagsrökin til þess að sanna að skapari heimsins sé góðviljaður og láti sköpunarverkið sitt máli skipta. Einkum í ljósi þess að veröldin er full af böli. Þessum rökum hefur lengi verið haldið fram til þess að kasta rýrð á tilvist Guðs en rökin vísa beint í allar þær þjáningar og allan þann sársauka sem maðurinn verður fyrir. Hvernig getur algóður Guð látið sköpunarverk sitt þjást þetta mikið? Það er mín skoðun að þjáningin sé hluti af lífinu og hafi ákveðinn tilgang vegna þess að þjáningin getur kennt mannum ýmislegt um lífið sem hann myndi annars ekki fá vitneskju um. Þjáningin ein getur ekki útilokað algóðan Guð vegna þess að Guð vill að við þjáumst og tekur það fram að hverjum degi nægi sín þjáning. Það að þjást og finna til er hluti af því að vera maður einfaldlega vegna þess að mannlíkaminn er þannig gerður að hann kemst ekki hjá þjáningu og sársauka.

Hume telur skipulagsrökin hvorki duga til þess að renna stoðum undir nein ein trúarbrögð né til þess að leiða neitt annað í ljós um eiginleika sjálfs guðdómsins.⁵⁵

Þegar heimspekingur hugsar skynsamlega um heiminn verður þeim heimspekingi augljóst að heimurinn býr yfir ákveðinni reglu og skipulagi. En heimspekingurinn er einnig gagnrýninn í hugsun og spyr sig hvaðan þessi regla og þetta skipulag sé komið. Er það tilviljun ein að heimurinn í allri sinni mynd hefur að geyma þessa reglu og þetta skipulag? Skipulagsrökin byggja á þeirri forsendu að það hljóti að vera einhver sem hafi komið reglunni og skipulaginu á og útiloka að allt þetta hafi orðið til af sjálfu sér. Ef marka má rökin gefur heimurinn okkur til kynna að hann sé verk vitsmunaveru eða nánar tiltekið Guðs.

Heimsfræðilegu rökin (Kant-Hume)

Bæði Hume og Kant settu fram sína gagnrýni á heimsfræðilegu rökin og gerðu það á heimspekilegan hátt. Rökin ganga í grófum dráttum út á það að ekkert geti orðið til að ástæðulausu og þar með talið heimurinn og þess vegna hljóti heimurinn að eiga sér ástæðu eða orsök og þessi tiltekna orsök er Guð. Hér verður gagnrýni þeirra Humes og Kants á rökunum skoðuð og mun ég setja fram mótrök gegn þeirri gagnrýni.

Kant:

Þegar hefur komið fram að skilyrt tilvist er háð einhverri annarri tilvist sem orsök og þessi orsök hlýtur að eiga sér einhverja aðra orsök og þannig koll af kalli. Þetta er heimspekileg ráðgáta sem heimspekingar hafa mikið hugsað um en þegar þetta ferli heldur áfram hlýtur það á endanum að koma að einhverju sem á sér skilyrðislausu tilvist sem er skilyrðislaust og nauðsynlega til. Þessi rök undirstrika það að Guð eigi sér tilvist vegna þess að orsakarunan getur ekki verið óendanleg. Þar sem heimurinn hlýtur að vera til hlýtur sú tilvist að vera háð annarri tilvist sem er Guð.

Hægt er að túlka heimsfræðilegu rökin á ýmsa vegu. Ein túlkunin á rökunum snýst um það að óendanleg orsakaruna sé raunverulega útilokuð og þess vegna hljóti að vera einhver frumorsök sem kom öllu af stað. En gagnrýni Kants gekk út á það að hann taldi að ekki væri hægt að útiloka þessar fyrirfram óendanlegu orsakakeðjur og þess vegna taldi hann þessa túlkun á rökunum nokkuð auðhrekjanlega.

Þessari túlkun á heimsfræðilegu rökunum er ég sammála, þ.e. að óendanleg runa orsaka sé heiminum útilokuð vegna þess að það er óhugsandi og óraunhæft að

⁵⁵ Atli Harðarson 1998, bls. 180-181.

orsakarunan sé endalaus og eigi sér ekkert upphaf. Ég tel að frumorsökin sé Guð sem á sér nauðsynlega tilvist. Hann er sá sem skapaði heiminn og kom honum af stað í upphafi. Kant er gagnrýninn á þessar viðteknu skoðanir og útilokar ekki óendanlegar orsakakeðjur. En fyrir þessu færir hann engin sannfærandi rök. Önnur túlkun á rökunum gerir ráð fyrir því að óendanleg orsakaruna sé möguleg og ef ekkert er til sem á sér nauðsynlega tilvist þá er orsakarunan sem slík óútskýrð.

Heimfræðilegu rökin ganga einnig út á það að sanna það að á undan þessum orsakakeðjum sem eru í heiminum sé ákveðinn grundvöllur sem á sér nauðsynlega tilvist og er frumorsök heimsins. Þessi frumorsök getur ekki verið neitt annað en Guð og þess vegna er Guð til, ef marka má heimsfræðilegu rökin rétt. Það er mín eindregna skoðun að heimurinn sé nauðsynleg afleiðing sköpunar Guðs vegna þess að heimurinn getur ekki verið sjálfsprottin sköpun og hlýtur þess vegna að vera sköpun Guðs. Kant taldi heimsfræðilegu rökin ekki vera gild rök og ekki sanna neina tilveru Guðs. Hann gat ekki samþykkt þá staðhæfingu að heimurinn hljóti að eiga sér frumorsök.⁵⁶

Hume:

Heimsfræðilegu rökin ganga út á það að sýna fram á að Guð sé orsök heimsins og að heimurinn hljóti að eiga sér þessa orsök. Hume setti fram áhuga-verða kenningu um tengsl orsaka og afleiðinga. En hann notaði kenningu sína til þess að draga í efa heimsfræðilegu rökin og hann segir þau rök ekki sanna neitt einfaldlega vegna þess að hann telur ekki vera orsakasamband milli Guðs og heims. Hume telur að efnisheimurinn eigi sér enga orsök vegna þess að hann hefði alveg eins getað orðið til af sjálfu sér og sé ekki nauðsynleg afleiðing Guðs. Hume telur efnisheiminn búa sjálfan yfir lögmáli eigin skipulags og samband orskakar (Guðs) og afleiðingar (heimsins) sé ekki nauðsynlegt.⁵⁷

Ég er ekki sammála því að heimurinn allur hafi getað orðið til af sjálfum sér vegna þess að hann býr ekki yfir þeim eiginleikum að geta skapað sjálfan sig. Þetta segi ég vegna þess að heimurinn er gerður úr ákveðnu efni og ómögulegt er að draga þá ályktun að þetta efni hafi skapað okkar heim sem við lifum í einfaldlega vegna þess að eitthvað sem er efnislega dautt getur ekki skapað neitt. Í staðinn er heimurinn, að mínu mati sköpun Guðs, heimur sem skapaður er af vitsmunaveru vegna

⁵⁶ Atli Harðarson 1982, bls. 56-57.

⁵⁷ Atli Harðarson 1998, bls. 174-178.

Þess að ómögulegt er að hann sé skapaður af sjálfum sér. Hvernig getur lífvana heimur verið orsök að öllu því sem er?

Hume segir að heimurinn þurfi ekki að vera afleiðing Guðs og þess vegna þurfi Guð ekki nauðsynlega að vera til. Ekki er nauðsynlegt að Guð hafi skapað eða orsakað heiminn og þess vegna þarf Guð ekki nauðsynlega að vera til. En þetta er það sem Hume er að gefa okkur til kynna með kenningu sinni um orsök og afleiðingu.⁵⁸

Hume heldur áfram með röksemdafærslu sína og bendir mönnum á að þrátt fyrir að einstakir viðburðir í heiminum eigi sér orsakir þurfi heimurinn í heild sinni ekki nauðsynlega að eiga sér orsök. Þetta eru ein rök gegn kenningunni um orsök heimsins. Samt sem áður sýna heimsfræðilegu rökin okkur að heimurinn á sér nauðsynlega orsök vegna þess að hann er sköpun sem hljóti að eiga sér skapara.

Hægt er að fallast á það að okkar andlegi heimur og heimur hugmynda þurfi á orsök að halda líkt og efnislegur heimur okkar og heimur hlutanna. Þessi efnislegi heimur okkar grundvallast á þeim andlega, sem þýðir að sá andlegi orsakar þann efnislega og þess vegna hlýtur sá andlegi að grundvallast á einhverjum öðrum sem gerir það að verkum að þetta heldur endalaust áfram.⁵⁹ Ég er sammála þessu að okkar andlegi heimur og okkar efnisheimur þarfnist orsakar þegar þeir grundvallast á hvor öðrum. En ég er því ósammála að þessi keðjuverkun haldi endalaust áfram vegna þess að þá erum við komin út í það óendanlega. Ég tel að keðjuverkun okkar andlega heims og efnislega heims hljóti að enda í frumorsök eða hinni fyrstu orsök sem er Guð. Báðir heimar grundvallast á þessari frumorsök.

Verufræðilegu rökin (Kant-Hume)

Hume og Kant voru þeir heimspekingar sem settu fram markverðustu gagnrýnina á verufræðilegu rökin. En markmið mitt hér í þessum kafla að greina gagnrýni þeirra Humes og Kants á rökunum og setja fram mótrök gegn þeirri gagnrýni. Þeir eiga það sameiginlegt að hafna rökunum á eigin forsendum og að þau sanni ekki tilvist Guðs.

Kant:

Gagnrýni Kants gefur til kynna að tilvist sé ekki umsögn, eiginleiki sem hlutur getur haft eða ekki haft. Þegar menn segja að Guð sé til þá er það ekki endilega Guð sem hafi eiginleika tilvistar. Ef þetta væri tilfellið og menn segðu að Guð sé ekki til

⁵⁸ Sjá sama rit 1998, bls. 174-178.

⁵⁹ Hume 2002, bls. 94-96.

væru þeir í raun að segja að Guð væri til en þann Guð skortir eiginleika tilvistar og þá væru menn bæði að samþykkja og afneita tilvist Guðs í sömu andrá. Kant gefur til kynna að þegar við segjum að hlutur sé til séum við að segja að hugtak þess hlutar vísi til einhvers í heiminum. Tilvistin snýst þess vegna ekki eingöngu um hlut sem eignar sér eiginleika tilvistar, heldur um sjálft hugtakið sem samsvari einhverju í okkar heimi.⁶⁰

Til þess að skilja þetta enn betur er hægt að hugsa sér fullkomna lýsingu á hlut, stærð, þyngd, lit o.s.frv. Ef við bætum því við að hluturinn sé til og metum það þannig að hluturinn eigi sér tilvist þá bætum við engu við hugtak hlutarins. Þessi umræddi hlutur er sá sami hvort sem hann er til eða ekki, hann er af sömu stærð, sömu þyngd og sama lit. Staðreyndin um að hluturinn sé til og að hugtakið um hlutinn samsvari einhverju í heiminum breytir engu um sjálft hugtakið. Til þess að meta hvort hluturinn sé til og að hann segi eitthvað um heiminn verður hluturinn að innihalda eitthvað sem samsamar sig við hugtak hlutarins sem segir svo ekkert um hlutinn í sjálfu sér.⁶¹

Það virðist vera ómögulegt að bera saman Guð sem er til og Guð sem er ekki til ef Kant hefur rétt fyrir sér með kenningu sinni um að tilvist sé ekki eiginleiki hluta. Kant hefur þá viðteknu skoðun að Guð sem sé til og að Guð sem sé ekki til séu óaðgreinanlegar hugmyndir. Guð sem er til er almáttugur, alvitur og alls staðar nálægur og Guð sem er ekki til er einnig almáttugur, alvitur og alls staðar nálægur. Báðar þessar hugmyndir eru þær sömu. Ef þetta reynist rétt þá er kenning Anselms röng um að Guð sem er til sé fullkomnari en Guð sem er ekki til. Kant telur að hvorugur þeirra sé fullkomnari en hinn og þess vegna eru verufræðilegu rökin ekki gild, að hans mati.⁶²

Viðbrögð við gagnrýni Kants:

Þrátt fyrir að gagnrýni Kants á verufræðilegu rökin hafi almennt verið viðurkennd hafa ýmsar efasemdaraddir verið uppi. Ýmsir hafa haldið því fram að ef hlutur er til, eigi sér tilvist, breyti það því hvernig við hugsum um þann hlut. Ef við höfum lesið okkur til um Sókrates í verkum Platons þá komumst við að því að hann er raunveruleg sagnfræðileg persóna. Persóna sem átti sér raunverulega tilvist og þessar viðbótarupplýsingar breyta því hvernig við hugsum um hann. Þetta er hægt að heim-

⁶⁰ Netheimild (5)

⁶¹ Netheimild (5)

⁶² Netheimild (5)

færa á Guð og halda því fram að hann sé ekki eingöngu hugarburður ímyndana þeirra sem trúa, heldur sé hann raunverulega til, sem bætir einhverju við hugtakið Guð. Að öllum líkindum er samanburður Anselms milli Guðs sem er til og Guðs sem er ekki til mögulegur og verufræðilegu rökin lifa af gagnrýni Kants.⁶³

Hume:

Hér að framan hafa verufræðilegu rökin og gagnrýni Humes og Kants á þeim verið sett fram. En nú verður gagnrýni Humes á rökunum tekin til umfjöllunar. Hume setur fram sína gagnrýni á verufræðilegu rökin í *Samræðum um trúarbrögðin*. Hægt er að greina þessa gagnrýni með eftirfarandi röksemdafærslum:

- 1) Eina leiðin til þess að sanna eitthvað fyrirfram er að andstæða þess innihaldi mótsögn.
- 2) Ef eitthvað felur í sér mótsögn, þá er það ekki hugsanlegt.
- 3) Allt getur verið hugsanlegt sem á sér ekki tilvist.

Þar af leiðandi:

- 4) Getur ekkert verið sannað að eigi sér tilvist fyrirfram.⁶⁴

Verufræðilegu rökin ganga út á að sanna tilvist Guðs fyrirfram. Þessi rök Humes segja að engin tilvist geti verið sönnuð fyrirfram. Það segir í fyrstu forsendunni að eina leiðin til að sanna eitthvað fyrirfram er að andstæða þess innihaldi mótsögn. Það er einmitt það sem verufræðilegu rökin útlista með Guð sem er til og Guð sem er ekki til. Önnur forsendan segir okkur að ef um er að ræða mótsögn þá sé það fyrirbæri ekki hugsanlegt. Hume kemst að þeirri niðurstöðu að tilvist geti ekki verið sönnuð fyrirfram.

Nú þegar hafa heimspekingar sett fram mótrök gegn þessum rökum Humes. Þegar við viljum finna út hvort Guð sé nauðsynleg vera sem er til verðum við að reyna að ímynda okkur að hann sé ekki til. Þegar okkur hefur tekist það, verður ekki-veran hans möguleg. Ekkert magn af óhlutstæðum rökum geta staðfest tilvist hans vegna þess að eingöngu nauðsynlegur sannleikur getur verið fyrirfram sannaður. Hugsanleiki ekki-veru Guðs sýnir það að fyrirfram sönnun á tilvist hans er möguleg.⁶⁵ Hér lýkur umfjöllun minni á þessum fjórða hluta.

⁶³ Netheimild (5)

⁶⁴ Netheimild (4)

⁶⁵ Netheimild (4)

V. hluti. Niðurlag og helstu niðurstöður

Þessi ritgerð er í raun heimspekileg rannsókn á gagnrýni þeirra Davids Hume og Immanuels Kant á skipulagsrökin, heimsfræðilegu rökin og verufræðilegu rökin. Eins og fram hefur komið höfnuðu þeir þeim öllum og töldu þau ekki sanna tilvist Guðs. Eftir ítarlega rannsókn á þessum þrennum rökum er ég á annarri skoðun en Hume og Kant og tel öll þessi rök vera gild og geta sýnt fram á tilvist Guðs.

Skipulagsrökin eru byggð á þeirri forsendu að regla og skipulag sé á heiminum og þar sem þessi regla og þetta skipulag sé á heiminum hljóti að vera einhver sem kemur þessari reglu og þessu skipulagi á. Kant telur að skipulagsrökin séu ekki gild vegna þess að þau geti ekki gefið mönnum fræðilega fullvissu um tilvist Guðs og að við getum ekkert sagt neitt af viti um það sem er fyrir utan náttúruna. En að mínu mati eru það ekki góð rök að segja að Guð sé ekki til á þessum forsendum vegna þess að skipulagið og reglan gefur mönnum sterka vísbendingu og nokkurra vissu um tilvist Guðs.

Hume var þeirrar skoðunar að náttúran gæti alveg eins verið lífvera sem er sjálfsprottin en ekki smíðagripur einhvers heimssmiðs eins og skipulagsrökin gera ráð fyrir. Rök Humes um sjálfsprottna náttúru eru óhugsandi að mínu mati vegna þess að skipulag og regla er eitthvað sem sjálf náttúran getur ekki komið á. Það er mín skoðun að skipulagsrökin séu gild og sýni fram á tilvist þessa heimssmiðs vegna þess að ef þessi heimssmiður væri ekki til væri enginn reglulegur og skipulagður heimur.

Heimsfræðilegu rökin ganga út frá því að tilvist heimsins sé sönnun þess að Guð sé til og hafi skapað þennan heim. Samkvæmt rökunum þarfnast tilvist heimsins útskýringar og eina fullnægjandi útskýringin á þessari tilvist heimsins er Guð. Heimsfræðilegu rökin útiloka endalausar orsakakeðjur en það gerði Kant ekki. Hann gat ekki samþykkt þá staðhæfingu að heimurinn hljóti að eiga sér frumorsök og blés því þessa frumorsök sem er Guð út af borðinu. Þetta eru að mínu mati ekki góð rök vegna þess að þau ganga út í það óendanlega sem er mönnum óhugsandi.

Hume notar kenningu sína um orsök og afleiðingu til þess að hrekja heimsfræðilegu rökin. Hann fullyrðir að heimurinn þurfi ekki að vera nauðsynleg afleiðing Guðs og þess vegna þurfi Guð ekki að vera til. Ekki er nauðsynlegt að Guð hafi skapað eða orsakað heiminn og þess vegna þarf Guð ekki nauðsynlega að vera til. Það er mín eindregna skoðun að heimurinn sé nauðsynleg afleiðing sköpunar Guðs

vegna þess að heimurinn getur ekki verið sjálfsprottin sköpun og hlýtur þess vegna að vera sköpun Guðs. Orsakasamband milli Guðs og heims er óhjákvæmilegt vegna þess að heimurinn getur ekki verið sjálfsprottinn eða sjálfskapaður.

Verufræðilegu rökin notast við skynsemina eina til þess að sanna tilvist Guðs. Rökin eru algjörlega fyrirfram (*a priori*) rök sem byggja ekki á neinni reynslu. Rökin sýna fram á að fullkomnun er hluti af hugtakinu um Guð, fullkomnun leiðir af sér tilvist og þar af leiðandi leiðir Guðshugtakið af sér tilvist Guðs.

Kant setti fram eina helstu gagnrýnina á verufræðilegu rökin en hann færir fyrir því rök að tilvist sé ekki eiginleiki hlutar og þess vegna geti tilvist ekki innihaldið eðli eða náttúru hlutar. Þrátt fyrir að Kant segi að tilvist sé ekki eiginleiki nægir það ekki til þess að hrekja verufræðilegu rökin vegna þess að þau byggja á svo sterkum forsendum sem leiða af sér tilvist Guðs. Gagnrýni Kants er ekki nægilega sterk til þess að hrekja verufræðilegu rökin þrátt fyrir að tilvist sé ekki eiginleiki.

Hume var þeirrar skoðunar að maðurinn geti ekkert sagt til um tilveruhátt og tilverunauðsyn Guðs hvorki með verufræðilegum rökum né öðrum rökum. Hann telur rökin ekki sanna neina tilvist Guðs einfaldlega vegna þess að maðurinn hefur ekki reynslu af Guði. En þrátt fyrir að við getum ekkert sagt til um tilveruhátt eða tilverunauðsyn Guðs er ekki hægt að fullyrða um að verufræðilegu rökin séu ekki gild. Verufræðilegu rökin ganga út á að sanna tilvist Guðs fyrirfram en ekki út frá mannlegri reynslu.

Descartes taldi rökin gild og sanna tilvist Guðs, tilvist Guðs var að hans mati áreiðanleg sannindi. Hann gat ekki hugsað sér Guð án tilvistar og taldi að tilvistin yrði ekki aðskilin frá Guði og þar af leiðandi hljóti Guð að eiga sér tilvist. Þessi skilningur Descartes á verufræðilegu rökunum finnst mér góður vegna þess að hann sýnir að tilvistina er ekki hægt að aðskilja frá Guði og þess vegna er hægt að komast að niðurstöðu um að Guð sé til. Niðurstaða mín í þessari ritgerð er því sú að Hume og Kant setji ekki fram nægilega góð rök til þess að hrekja þessar þrjár hefðbundnu guðssannanir. Þessi niðurstaða mín ætti að gefa mönnum sterkari von og trú á tilvist Guðs.

Heimildaskrá

- Atli Harðarson. 1982. *Um Tilvist Guðs*. Sjá grein Atla Harðarsonar: „Gagnrýni Kants á guðssannanirnar“. Reykjavík. Arnór Hannibalsson ritstýrði.
- Atli Harðarson. 1998. *Vafamál*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Descartes, René. 1637. *Discourse on the Method*.
- Descartes, René. 1641. *Meditations on First Philosophy*.
- Descartes, René. 1998. *Orðræða um aðferð*. Íslensk þýðing á Descartes (1637) eftir Magnús G. Jónsson og með inngangi og skýringum eftir Þorstein Gylfason. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík.
- Descartes, René. 2001. *Hugleiðingar um frumspeki*. Íslensk þýðing á Descartes (1641) eftir Þorstein Gylfason sem einnig ritar inngang og skýringar. Hið Íslenska Bókmennta- félag. Reykjavík.
- Hume, David. 1739-1740. *A Treatise of Human Nature: Being an Attempt to introduce the experimental Method of Reasoning into Moral Subjects*.
- Hume, David. 1742. *Of Superstition and Enthusiasm*.
- Hume, David. 1748. *An Enquiry Concerning Human Understanding*.
- Hume, David. 1748. *On Miracles*.
- Hume, David. 1757. *The Natural History of Religion*.
- Hume, David. 1779. *Dialogues Concerning Natural Religion*.
- Hume, David. 1999. *Rannsókn á skilningsgáfunni*. Íslensk þýðing á Hume (1748) eftir Atla Harðarson sem einnig ritar inngang. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík.
- Hume, David. 2002. *Samræður um trúarbrögðin*. Íslensk þýðing á Hume (1779) eftir Gunnar Ragnarsson og með inngangi eftir Pál S. Árdal. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík.
- Skirbekk, Gunnar og Gilje, Nils. 1999. *Heimspækisaga*. Stefán Hjörleifsson þýddi. Háskólaútgáfan.

Netheimildir:

1. „Critique of the Cosmological Argument: Kant“. (www.leaderu.com). Sjá á netinu: <http://www.leaderu.com/offices/koons/docs/lec9.html>.
2. „Critiques of the Design Argument: Kant“. (www.leaderu.com). Sjá á netinu: <http://www.leaderu.com/offices/koons/docs/lec16.html>.
3. „Descartes Ontological Argument“. (Stanford Encyclopedia of Philosophy). Sjá á netinu: <http://plato.stanford.edu/entries/descartes-ontological/>
4. „Hume on A Priori Existential Proofs“. (Philosophy of Religion). Sjá á netinu: <http://www.philosophyofreligion.info/theistic-proofs/the-ontological-argument/st-ansems-ontological-argument/hume-on-a-priori-existential-proofs/>
5. „Objections to the Ontological Argument“. (Existence-of-god.com). Sjá á netinu: <http://www.existence-of-god.com/ontological-objections.html>
6. „The Cosmological Argument“. (Philosophy of Religion). Sjá á netinu: <http://www.philosophyofreligion.info/theistic-proofs/the-cosmological-argument/>
7. „The Ontological Argument“. (Philosophy of Religion). Sjá á netinu: <http://www.philosophyofreligion.info/theistic-proofs/the-ontological-argument/>
8. „The Teleological Argument“. (Philosophy of Religion). Sjá á netinu: <http://www.philosophyofreligion.info/theistic-proofs/the-teleological-argument/>